

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022,
iðnaðarsvæði I17 undir vindrafstöðvar, Þykkvabæ.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. desember 2013 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra 1. nóvember 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 27. nóvember 2013.

Í breytingunni felst að 1 ha landbúnaðarlandi norðan Þykkvabæjar er breytt í iðnaðarsvæði I17 fyrir allt að 1,9 MW orkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir tveimur vindrafstöðvum á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. desember 2013.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.